



# Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfssvið og hlutverk	3
Stjórn	4
Starfsmenn	4
Starfsemin	5
Ráðstefnur og málþing	5
Fyrirlestraraðir	10
Þýðingar öndvegisverka	11
Kynning á stofnuninni	11
Útgáfur	12
Heimasíða Vigdísar Finnbogadóttur	14
Alþjóðleg tungumálamiðstöð - World Language Centre	14
Styrkir til SVF	15
Rannsóknir innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	17
Myndir frá starfseminni	22



Stofnun  
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR  
í erlendum tungumálum

[www.vigdis.hi.is](http://www.vigdis.hi.is)



## Inngangur

Hér er að finna yfirlit yfir starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum fyrir árin 2008 og 2009. Stofnunin var sett á laggirnar í október 2001 í tengslum við 90 ára afmæli Háskóla Íslands og evrópska tungumálaárið. Á þeim árum sem stofnunin hefur notið þess heiðurs að bera nafn Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands, hefur allt kapp verið lagt á að efla stofnunina sem alþjóðlega rannsóknastofnun á sviði erlendra tungumála, menningarfræða og málvísinda. Í því uppbyggingarstarfi sem hefur átt sér stað, hefur stofnunin notið mikilvægrar liðveislu Vigdísar Finnbogadóttur, sem hefur um árabil gegnt starfi velgjörðarsendiherra tungumála hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) en eins og kunnugt er kenndi hún erlend tungumál um árabil í framhaldsskólum og við Háskóla Íslands auk þess sem hún hefur stutt tungumálakennslu í verki á margvíslegan hátt. Einnig hefur stofnunin notið velvildar fjölmargra innlendra og erlendra stuðningsaðila.

Í tilefni af stórafmæli Vigdísar í apríl 2010 ákvað fagráð stofnunarinnar að gefa út tvær ársskýrslur í einu og hafa útgáfuna veglegri en ella.

## Starfssvið og hlutverk

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknastofnun innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Stofnunin er rannsóknaveitvangur kennara í deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, sem starfar innan Hugvísindasviðs. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál frá ýmsum sjónarhornum, en helstu rannsóknarsvið hennar eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, máltaka, orðaforði, hljóðfræði
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða t.d. rómanskar bókmenntir, þýskar bókmenntir, enskar bókmenntir og Norðurlandabókmenntir
- Menningarfræði í tengslum við ákveðin málsvæði og í samanburði milli málsvæða í sögu og samtíð
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra í atvinnulífi
- Kennsla erlendra tungumála, m.a. þróun kennslugagna
- Þýðingar m.a. bókmennta- og nytjapýðingar

Tungumál eru lykill að menningu þjóða. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að auka skilning á því að fjölmennarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum fela í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum. Einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki sem nýta sér tungumálakunnáttu og menningarinnisæi standa betur að vígi á alþjóðavettvangi en ella. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka tungumálakunnáttu á öllum sviðum þjóðlífsins og efla menningarmiðlun. Þannig stuðlar stofnunin að auknum og jákvæðum samskiptum við fólk af erlendu þjóðerni og aukinni menningarfærni einstaklinga og þjóðfélagsins í heild. Stofnunin leggur sérstaka áherslu á miðlun upplýsinga um nýjungar í kennslu tungumála á öllum menntastigum, enda er það markmið stofnunarinnar að styðja kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um tungumál, tungumálanám, samskipti og menningarfræði. Þetta hlutverk sitt rækir hún með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi auk útgáfu fræðiritra og kennsluefnis. Stofnunin tekur þátt í krefjandi verkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Stofnunin fær árlegt framlag frá Háskóla Íslands en auk þess hafa fyrirtæki, stofnanir og rannsóknar- og menningarsjóðir veitt styrki til að hrinda sérstökum verkefnum í framkvæmd. Sjá nánari upplýsingar um Styrtarsjóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum ([www.vigdis.hi.is](http://www.vigdis.hi.is)).

# Stjórn

Árin 2008 og 2009 gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Varaforstöðumaður bæði árin var Oddný G. Sverrisdóttir. Auk þeirra sátu í fagráði, Gauti Kristmannsson, Júlían M. D'Arcy, Geir Sigurðsson og Lars-Göran Johansson en fagráðsmeðlimum var fjölgað úr fimm í sjö á árinu 2008 og tóku þá tveir þeir síðastnefndu sæti í ráðinu. Ásdís R. Magnúsdóttir átti sæti í fagráði á árinu 2008 en árið 2009 tók Hólmfríður Garðarsdóttir sæti hennar. Laufey Erla Jónsdóttir gegndi starfi verkefnastjóra í fullu starfi bæði árin og Rósa Elín Davíðsdóttir sinni störfum fyrir stofnunina í hálfu starfi frá september 2008 til apríl 2009.

# Starfsmenn

Við Háskólann eru kennd fjórtán erlend tungumál, þar á meðal öll Norðurlandamálin. Starfsmenn stofnunarinnar stunda rannsóknir á öllum þessum tungumálum sem eru:

Japanska	Kínverska	Kínverska	Kínverska	Kínverska	Enska	Enska
						
Kaoru Umezawa lektor	Geir Sigurðsson dósent	Jón Egill Eypórsson aðjunkt	Kaijie Yuan sendikennari	Linzhe Wang sendikennari, jan - maí 2008	Birna Arnbjörnsdóttir prófessor	Guðrún Guðsteinsdóttir dósent
Enska	Enska	Enska	Enska	Enska	Gríska / Latína	Danska
						
Júlián Meldon D'Arcy prófessor	Magnús Fjalldal prófessor	Pétur Knúttson dósent	Martin Regal dósent	Sarah Kelly Moss lektor, jan - des 2009	Sigurður Pétursson	Auður Hauksdóttir, dósent
Danska	Danska	Danska	Finnska	Norska	Sænska	Franska
						
Randi Benedikte Brodersen, lektor	Susanne Elgum Andersen, aðjunkt, jan - des 2009	Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt	Maare Paullina Fjällström, lektor	Tiril Theresa Myklebost, lektor	Lars-Göran Johansson, lektor	Ásdís Rósa Magnúsdóttir dósent
Franska	Franska	Franska	Spænska	Spænska	Spænska	Spænska
						
Ásta Ingibjartsdóttir aðjunkt	Torfi H. Tulinius prófessor	Francois Frans Heenen aðjunkt	Erla Erlendsdóttir dósent	Hólmfríður Garðarsdóttir dósent	Kristín Guðrún Jónsdóttir aðjunkt	Juan Pablo Mora gestakennari sept - des 2009
Rússneska	Rússneska	Þýska	Þýska	Þýska	Þýska	Tungumálamiðstöð
						
Olga Korotkova sendikennari	Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt	Andrea Milde lektor	Annika Grosse DAAD lektor	Magnús Sigurðsson aðjunkt	Oddný G. Sverrisdóttir dósent	Eyjólfur Már Sigurðsson



Vigdís Finnbogadóttir ásamt kór Öldutúnsskóla sem söng nokkur lög við opnun heimasíðunnar [www.vigdis.is](http://www.vigdis.is) þann 19. júní 2009.

## Starfsemin

Auk fjölbreytilegrar rannsóknastarfsemi (sjá yfirlit yfir rannsóknir einstakra starfsmanna) stóð stofnunin að venju fyrir fyrirlestraröð, ráðstefnum og málþingum.

Stofnunin stóð fyrir árvisstri dagskrá í tilefni af evrópska tungumáladeginum 26. september.

Í tilefni af alþjóðlegu tungumálaári hjá Sameinuðu þjóðunum árið 2008 var efnt til kynningar á ólíkum menningarsvæðum með það að markmiði að vekja athygli á mismunandi tungumálum og menningarheimum, ekki síst þeirra sem tengjast þjóðerni stærstu hópa útlendinga hér á landi. Þessi viðburðir tókust afar vel og var ákveðið að halda slíkum kynningum áfram á vormisseri 2009.

Stofnunin hefur lagt áherslu á að vekja athygli á hinu mikilvæga starfi þýðenda og á vormisseri 2009 var haldið áfram með fyrirlestraröðina Þýðing öndvegisverka þar sem þýðendur skýrðu frá viðureign sinni við slík verk. Að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á leikritapýðingar.

Stofnunin var samstarfsaðili Alþjóðlegrar bókmenntahátíðar í Reykjavík sem fram fór dagana 7.-12. september 2009 og hósti fyrirlestra á hátíðinni, auk þess sem skáldin komu í kennslustundir hjá tungumálanemendum.

Í nóvember 2008 var efnt til kynningar á stofnuninni í Frakklandi og var það áttunda landið þar sem slík kynning fór fram en áður hafði stofnunin verið kynnt í Japan (haust 2002), Danmörku (haust 2003), Þýskalandi (vor 2004), Svíþjóð (haust 2004), Spáni (vor 2005), Noregi (vor 2006) og Finnlandi (haust 2007) en í öllum tilvikum fór Vigdís Finnbogadóttir fyrir sendinefnd á vegum stofnunarinnar.

## Ráðstefnur og málþing

Ráðstefnur og málþing eru snar þáttur í starfsemi stofnunarinnar, en þeim er ætlað að koma rannsóknum fræðimanna á framfæri og skapa vettvang fyrir rökræðu um nýja þekkingu innan fræðasamfélagsins. Einnig er tilgangurinn að deila þekkingu og hugmyndum með almenningi og stuðla að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu á fræðasviðum stofnunarinnar, t.d. þekkingu á tungumálum og menningu, kennslu erlendra tungumála, þýðingum og samskiptum við útlendinga.





Kristjana Björg Sveinsdóttir, Sigríður Helga Sverrisdóttir og Marion Elizabeth Scobie, útskrifaðir MA-nemar í þýsku og ensku.

### Vefnámskeiðið [www.englishgame.hi.is](http://www.englishgame.hi.is)

Frú Vigdís Finnbogadóttir og nemendur úr Landakotsskóla opnuðu vefnámskeiðið [www.englishgame.hi.is](http://www.englishgame.hi.is) 11. febrúar sl. á Háskólatorgi. Námskeiðið er ætlað byrjendum í enskunámi og gerir þeim kleift að bæta við kunnáttu sína á nýstárlegan og skemmtilegan hátt. Nemendur hanna eigin leikpersónu sem leysir tungumálaþrautir í björgunarleiðangri til að frelsa þorpsbúa í Rauðupakabæ. Enskri málfræði, málnotkun og orðaforða er fléttað inn í atburðarás leiksins með ýmsum þrautum og verkefnum. Þátttakendur geta farið í gegnum leikinn einir og óstuddir án aðstoðar kennara.

Vefnámskeiðið er byggt á nýjustu kenningum um máltöku barna sem læra erlend tungumál á svipaðan hátt og móðurmál. Markmiðin eru skýr og fylgja aðalnámskrá grunnskólanna. Tekið er tillit til mismunandi námsaðferða og reynt að tengja innihald leiksins við áhugasvið nemenda. Markhópurinn er fyrst og fremst krakkar á aldrinum 7-10 ára sem þegar hafa öðlast einhverja færni í að lesa og skrifa á móðurmáli sínu.

### Alþjóðlegi móðurmálsdagurinn - móðurmálskennsla tvítýngdra barna:

Þann 21. febrúar var efnt til dagskrár í tilefni af alþjóðlegum móðurmálsdegi Sameinuðu þjóðanna en hann er haldinn hátíðlegur um allan heim í því skyni að stuðla að umræðu um menningarlegan fjölbreytileika og fjöltýngi. Fram komu Hulda Kristín Jónsdóttir doktorsnemi, Fríða Bjarney Jónsdóttir leikskólaráðgjafi, fulltrúar frá Móðurmáli - félagi um móðurmálskennslu og börn frá leikskólanum Mýri tóku lagið.

Námskeiðið er þróað í Flash-forriti í Háskóla Íslands á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum undir verkefnisstjórn Birnu Arnbjörnsdóttur, prófessors í rannsóknum og kennslufræði erlendra tungumála í enskuskor. Vefstjórn og grafísk hönnun er í höndum Gunnars Steins Valgarðssonar. Námskeiðið var unnið með aðstoð nemenda í Landakotsskóla. Það var opið og ókeypis.

### Mál málanna – málþing í tilefni af útgáfu fræðiritis

Haldið var málþing 15. apríl í tilefni af útgáfu bókarinnar *Mál málanna* sem kom út á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á árinu í ritstjórn Auðar Hauksdóttur og Birnu Arnbjörnsdóttur. Bókin er sérstaklega tileinkuð frú Vigdís Finnbogadóttur og hefur að geyma greinasafn um rannsóknir á máltöku og kennslu erlendra tungumála. Fyrirlesarar á málþinginu voru:

- Birna Arnbjörnsdóttir prófessor í ensku, HÍ
- Auður Hauksdóttir dósent í dönsku, HÍ.
- Oddný G. Sverrisdóttir dósent í þýsku, HÍ.
- Auður Torfadóttir dósent í ensku, KHÍ.
- Hafdís Ingvarsdóttir dósent í uppeldis- og menntunarfræði, HÍ.

### Málþing um lokaverkefni MA- og M.Paed.- kandiðata

Hinn 11. apríl stóð stofnunin fyrir kynningu á lokaverkefnum MA- og M.Paed.- kandiðata í tungumálum og þýðingafraeðum. Málþingið fór fram í Öskju og þar kynntu nemendur, útskrifaðir í febrúar 2008 og október 2007, verkefni sín. Þátttakendur voru Kristjana Björg Sveinsdóttir, M.Paed. í þýsku; Sigríður Helga Sverrisdóttir, MA í ensku, og Marion Elizabeth Scobie, MA í ensku.

### Pólsk menningardagskrá

Í tilefni af alþjóðlegu tungumálaári var efnt til sérstakrar dagskrár þann 3. maí sem tileinkuð var Póllandi og pólskri tungu. Sérfræðingar á ýmsum sviðum miðluðu af fróðleik sínum um sögu og tungu þessa gamla stórveldis. Þátttakendur í dagskránni voru:

- Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur.
- Stanislaw Bartozek málfræðingur.
- Þrándur Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður.
- Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur.

Auk þeirra fluttu Ingibjörg Þórisdóttir og Tomasz Bandelak pólsk ljóð, bæði á frummálinu og íslenskum þýðingum, og nemendur úr Suzuki-tónlistarskólanum fluttu nokkur lög eftir pólsk tónskáld.

### Saroyan 100 ára - armensk menningardagskrá

Í tilefni af alþjóðlegu tungumálaári var einnig efnt til armenskrar menningardagskrár í Þjóðminjasafninu þann 6. september. Dagskráin var sérstaklega helguð aldarafmæli armenska rithöfundarins Williams Saroyan. Aðalgestur hátíðarinnar var dr. Dickran Kouymjian, forstöðumaður armenskra fræða við California State University. Dr. Kouymjian flutti erindi um Saroyan en hann var einn af samferðarmönnum skáldsins. Ingibjörg Þórisdóttir, dramatúrgur og verkefnisstjóri, fjallaði um kynni sín af Armeníu, leikararnir Lilja Þórisdóttir og Hallgrímur Ólafsson lásu leikrit eftir Saroyan og rithöfundarnir Gyrðir Elíasson og Óskar Árni Óskarsson lásu úr þýðingum sínum úr verkum Saroyans. Í lokin var sýnd stuttmyndin *The Good Job* frá árinu 1942 sem skáldið gerði sjálf.

### Evrópski tungumáladagurinn 2008

Í tilefni dagsins þann 26. september var efnt til hátíðadagskrár í Gimli í samvinnu við STÍL - Samtök tungumálakennara á Íslandi. Sérstakur boðsgestur á dagskránni var Søren Fauth, lektor við Árósháskóla, en hann flutti erindið *Ándens og sprogets deroute i et ensrettet Europa*. Auk hans komu fram eftirfarandi:

- Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í rannsóknum og kennslu erlendra tungumála við HÍ.
- Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar HÍ.
- Hannes Högni Vilhjálmsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.
- Margrét Kristín Jónsdóttir, þýskukennari við Menntaskólann á Akureyri.

Dagskránni lauk með pallborðsumræðum undir yfirskriftinni *Skiptir tungumálakunnátta máli?* þar sem eftirfarandi aðilar úr atvinnulífinu skýrðu frá eigin reynslu: Gísli Örn Garðarsson leikari, Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, og Þórey Vilhjálmisdóttir, viðskiptafræðingur MBA. Stjórnandi var Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fréttamaður. Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson skemmtu áheyrendum með söng á ýmsum tungumálum.

### Ráðstefnan Cultures in Translation

Haldin var alþjóðleg ráðstefna á sviði þvermenningarlegra fræða (intercultural communication) dagana 4.-6. desember 2008 í samvinnu við Málvísindastofnun, Mannfræðistofnun og Alþjóðahúsið. Ráðstefnan er hluti af árlegri ráðstefnuröð norræna samstarfsnetsins Nordic Network for Intercultural Communication - NIC og var þetta í fyrsta sinn sem slík ráðstefna er haldin á Íslandi. Ráðstefnugestir komu fyrst og fremst af Norðurlöndunum og úr Eystrasaltsríkjunum en þó einnig víðar að úr heiminum. Flutt voru yfir 80 erindi í þemaskiptum málstofum, m.a. á sviði bókmenntaþýðinga, tvítýngis, menningarlæsis, samfélagstúlkunar, um málefni innflytjenda o.fl. Auk þess var sérstök málstofa um norræna vitund og málstefnu sem styrkt var af Norrænu ráðherranefndinni. Lykilfyrirlesarar á ráðstefnunni voru Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, Jorunn Hetland, prófessor við NTNU í Þrándheimi og Michael Byram, prófessor við Háskólann í Durham. Ráðstefnan var styrkt af Norræna menningarsjóðnum. Undirbúningsnefnd ráðstefnunnar var skipuð eftirtöldum: Gauta Kristmannssyni dósent, Sólveigu Jónasdóttur, verkefnastjóra Alþjóðahúsi, Unni Dís Skaptadóttur prófessor, Mannfræðistofnun og Þórhalli Eyþórssyni, fræðimanni við Málvísindastofnun.

### Chaos/Complexity Theory and SLA

Dagana 5.- 8. mars 2009 fór fram sérstakur vinnufundur við Háskóla Íslands undir yfirskriftinni Complexity Theory and SLA. Fræðimenn á sviði annarsmálsfræða frá Noregi, Danmörku, Finnlandi og Íslandi tóku þátt í fundinum. Tilgangur hans var að þróa sameiginlega rannsóknáætlun og ræða aðferðir með sérstöku tilliti til „fjölpættingar“ í tileinkun annars máls á Norðurlöndunum. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, leiddi verkefnið fyrir hönd stofnunarinnar.

### Stefnumót við Litháen

Þann 7. mars 2009 var efnt til sérstakrar dagskrár sem tileinkuð var Litháen og litháískri tungu. Sérfræðingar á ýmsum sviðum miðluðu af fróðleik sínum um sögu og menningu þessa gamla stórveldis. Dagskráin var unnin í nánu samstarfi við Félag Litháa og Íslendinga og sendiráð Litháens. Í tengslum við dagskrána voru einnig sýndar litháískar kvikmyndir í Norræna húsinu. Þátttakendur í dagskránni voru eftirfarandi:

- Þorsteinn Eggertsson rithöfundur og söngtextasmiður: Litháen - samspil sögu, þjóðtrúar og tungumáls.
- Fulltrúar frá Félagi Litháa og Íslendinga sögðu frá starfsemi þess.
- Gija, kór Litháa á Íslandi, söng nokkur lög.
- Vaidas Jauniskis kvikmyndagagnrýnandi: History of Lithuanian filmmaking.
- Hljómsveitin Amberlife með Karolis Sileika í fararbroddi flutti nokkur lög.
- Jolanta Zabarskaite forstöðumaður Tungumálastofnunar Litháens: Museum - media for the Lithuanian language promotion.
- Vytautas Narbutas myndlistarmaður: Listasaga Litháens.

### Með ský í buxum - byltingin og bókmenntirnar

Fræðimenn í rússnesku stóðu fyrir málþingi þann 21. mars 2009 þar sem fjallað var um rússneskar byltingarbókmenntir. Sjónum var sérstaklega beint að hreyfingu fútúrista og skáldinu Majakovskí. Fyrirlesarar voru eftirfarandi:

- Benedikt Hjartarson bókmenntafræðingur: Goðkynngi orðsins: Um fagurfræði og andlegar byltingar í rússneskum fútúrisma, sýmbólisma og dulspeki.
- Árni Bergmann, rithöfundur og þýðandi: Byltingin og bókmenntirnar - Tolstoj eða Majakovskí.
- Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku: Hvað verður um ský í buxum þegar himnarnir hrynja?

### Gimsteinn austursins - menningardagskrá um Taíland:

Hinn 9. maí stóð stofnunin fyrir sérstakri dagskrá um menningu Tælands í samvinnu við ASÍS - Asíusetur Íslands, Tælensk-Íslenska félagið og Sendiráð Tælands í Danmörku og á Íslandi. Auk fyrirlestra var boðið upp á tælenskan mat með tilheyrandi skreytingum og útskurði. Einnig voru líflæg dans- og tónlistaratriði. Fyrirlesarar á dagskránni voru eftirfarandi:

- Cholchineepan Chiranond, sendiherra Tælands í Danmörku og Íslandi: Introduction to Thailand.
- Poul Weber, heiðurskonsúll Íslands á Tælandi: The Thai Language.
- Kjartan Borg, heiðurskonsúll Tælands á Íslandi: Tengsl Íslands og Tælands.
- Vífill Magnússon arkitekt: Búddahof rís á Íslandi.
- Tomas Boonchang, eigandi veitingastaðarins Ban Thai: Tælenskur matur, mmm...

### Alþjóðlegt þýðendaping - Sagenhaftes Island

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur var samstarfsaðili að alþjóðlegu þýðendapingi þar sem fjallað var um íslenskar bókmenntir, vanda og vegsemd þýðandans og meðal annars sagt frá verkefninu „Sagenhaftes Island“, þýðingar- og kynningarátaki í tilefni þess að Ísland verður heiðursgestur bókasýningarinnar í Frankfurt 2011. Aðrir sem stóðu að þinginu voru Sagenhaftes Island-verkefnið, Bókmenntasjóður, Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra bókaútgefenda, Háskólasetur HÍ á Höfn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þátttakendur voru þýðendur víðs vegar að úr Evrópu.

### Alþjóðleg bókmenntahátíð í Reykjavík

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur var einn af samstarfsaðilum Bókmenntahátíðar í Reykjavík sem fram fór dagana 7.-12. september 2009. Skáld sem voru gestir hátíðarinnar heimsóttu nemendur í tungumálum við Háskólann og sameiginlega stóðu stofnunin og hátíðin fyrir eftirfarandi viðburðum:





Pátttakendur á ráðstefnunni *Bringing us Closer* hlusta á lykilyrirlesarann dr. Leni Dam sem fjallaði um einstaklingsmiðaða tungumálakennslu.

- Luis López Nieves, rithöfundur frá Puerto Rico: Sögulegar sjónhverfingar. Púertó Ríkó í nútíð og fortíð.
- Ngugi Wa Thiong'o, rithöfundur og fræðimaður frá Kenýa, las upp úr bók sinni *Devil on the Cross* sem kom út íslenskri þýðingu um jólin.

#### **Evrópski tungumáladagurinn 2009 - Bringing us closer**

Í tilefni evrópska tungumáladagsins þann 26. september var efnt til ráðstefnu í samvinnu við FEKÍ, Félag enskukennara á Íslandi, en félagið fagnaði einnig 40 ára afmæli sínu. Sérstakur gestafyrirlesari á ráðstefnunni var dr. Leni Dam sem er vel þekkt fyrir rannsóknir sínar og þróunarstarf á sviði einstaklingsmiðaðs tungumálanáms. Boðið var upp á fjölbreyttar málstofur um nýbreytni og rannsóknir á sviði tungumálakennslu. Einnig var efnt til sérstakrar hátíðadagskrár þann 25. september þar sem menntamálaráðherra afhenti Evrópumerkið og fram fóru pallborðsumræður um gildi tungumálanáms og tungumálakunnáttu.

#### **Sannleikurinn felst í hinum óvenjulegu viðburðum hversdagsins - Nikolaj Gogol 200 ára**

Fræðimenn í rússnesku efndu til sérstakrar dagskrár í tilefni af 200 ára afmæli rússneska sagnameistarans Nikolajs Gogols. Fyrirlesarar á dagskránni voru eftirfarandi:

- Áslaug Agnarsdóttir, bókasafnsfræðingur og þýðandi: Boðskapur mannsandans - þýðingar rússneskra bókmennta á Íslandi.
- Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku: Hvaðan ertu Gogol og hvert er erindi þitt?
- Árni Bergmann, rithöfundur og þýðandi: Gogol og óttinn við eftirlitsmanninn - fyrr og nú.

#### **Vika ítalskrar tungu 19.-25. október**

Ár hvert er haldið upp á viku ítalskrar tungu um allan heim í því skyni að vekja athygli á ríkri menningararfleifð landsins. Fræðimenn í ítölsku og sendiráð Ítalíu í Noregi stóðu fyrir eftirfarandi viðburðum af því tilefni:

- Italy and Iceland in Literature. Ástráður Eysteinnsson prófessor í bókmenntum og forseti Hugvísindasviðs leiddi kvöldspjall við Emilia Lodigiani forstjóra ítalska útgáfufyrirtækisins Iperborea.
- Emilia Lodigiani og Silvia Cosimini: Theory and Practice in Icelandic/Italian Translation.
- Horft til stjarnanna: Dagskrá tileinkuð Galileo Galilei í tilefni af því að 400 ár eru liðin frá einni merkustu uppgötvun hans, sjónvæðing. Fyrirlesarar voru eftirfarandi:
- Þorsteinn Vilhjálmsson: Telescope and Cosmology. Galileo between science and philosophy.
- Michael Segre: Galileo between science and theology, yesterday and today.
- Stefano Rosatti: Galileo Galilei: a new scientific Language for Italian.
- Fulltrúar frá Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness kynntu starfsemi sína.



Auður Hauksdóttir setur hátíðadagskrá í tilefni af evrópska tungumáladeginum 2009.

## Fyrirlestraraðir

### Vormisseri 2008:

- Mirja Juntunen forstöðukona Nordic Centre á Indlandi: Activism among the Kurmis in Jharkand.
- Eyjólfur Már Sigurðsson forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar HÍ: Evrópa og tungumálin.
- Näkkälä: Heimildamynd frá N-Finnlandi.
- Lise Tremblay rithöfundur: Hegravarpið.
- Philippe Laplace lektor í skoskum bókmenntum við Háskólann í Besancon: Neil M. Gunn the (his)story teller: WRITING in the empty spaces of history.
- Marion Lerner þýðingafræðingur og leiðsögumaður: Villa á öræfum.
- Júlían Meldon D'Arcy prófessor í enskum bókmenntum við HÍ: Football Icons and Literary Heroes in Twentieth-Century American Fiction: The Rise and Fall of the Gridiron Star.
- Juan Pablo Mora, dósent í spænskum málvísindum við Háskólann í Sevilla: Spanish in a Global Context.
- Gunhild Agger, lektor í samskiptafræðum við Álaborgarháskóla: Tv-drama, identitet og kultur.
- Ib Bondebjerg prófessor í kvikmynda- og fjölmiðlafræðum við Kaupmannahafnarháskóla: Virkelighedens fortællinger. TV- dokumentarismen og konstruktionen af det moderne Danmark.
- Anker Gemzøe prófessor í bókmenntum við Álaborgarháskóla: Slægtens og fortællingens genkomst i ny dansk prosa.

### Hautmisseri 2008:

- *De kaller meg mor*: Heimildamynd eftir Magnus Sværd Jørnheim um norska kvenskörunginn Bodil Bjørn sem bjó og starfaði í Armeníu 1905-1934.
- Bernard Comrie prófessor og deildarstjóri málvísindadeildar Max Planck Institute for Evolutionary Anthropology í Leipzig: The World Atlas of Language Structures.
- Andrea Milde lektor í þýsku við HÍ: The University of Iceland. A new Tandem Server? Language Learning in Tandem.

### Vormisseri 2009:

- González Calvo prófessor við Háskólann í Extremadura, Cáceres: Variaciones, vacilaciones e incorrecciones morfosintácticas y léxicas del español.
- Dr. Gundula M. Sharman dósent við Háskólann í Aberdeen: An Irish Reworking of Goethe's novel Die Wahlverwandtschaften.
- Mr. Katsuhiko Natsume Charge d'Affairs ad interim við sendiráð Japans: Japan, a real ally for Iceland?
- Luca Zarrilli dósent við Háskólann "D'Annunzio" í Pescara, Ítalíu: Tourism, landscape and development: the interactive project La baia di Napoli in Italy.
- The Canadian Author George Elliott Clarke: Canada: The Invisible Empire?

### **Haustmisseri 2009:**

- Marco Mezzadri prófessor við Háskólann í Parma, Ítalíu: Democratic Awareness in Language Learning: The Challenge of the Common European Framework of Reference.
- Richard Littlebear: Tséspéhevatame Nesovavenéstsestótse: The Joys of being bilingual.
- Andrea Milde lektor í þýsku við HÍ: Writing Problems of Students: A Dilemma for Teachers?
- Michael Ejstrup lektor við Syddansk-háskólann: Dansk over sø og land.
- Mauricio Montiel Figueras rithöfundur frá Mexíkó: La mexicanidad.
- Dr. Enrique del Acebo Ibáñez félagsfræðingur frá Argentínu: Örsagan (s. el micro-relato) sem tjáningarform samtímans.

## **Pýðingar öndvegisverka 2009 og 2009**

Þýðingar eru eitt af mikilvægustu fræðasviðum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og margir fræðimanna stofnunarinnar hafa lagt mikið til rannsókna á þessu sviði. Hér er og vert að geta útgáfu tvímálabóka með þýðingum erlendra lyklibókmenntaverka á íslensku. Stofnuninni hefur verið sérstaklega umhugað um að vekja athygli á dýrmætu framlagi þýðenda til íslenskrar menningar. Í þessu skyni hefur stofnunin haldið sérstaka fyrirlestraröð, „þýðingar öndvegisverka“, þar sem viðurkenndir þýðendur hafa skýrt frá viðureign sinni við að snúa öndvegisverkum heimsbókmenntanna yfir á íslensku.

- Árni Bergmann, rithöfundur og þýðandi: *Ígorskviða* á íslensku - vandinn við að þýða fornan rússneskan kveðskap og sögur.
- Hafliði Arngrímsson, leikhúsfræðingur og þýðandi: Verk frá öðrum heimi.
- Sigurður Pálsson, rithöfundur og þýðandi: Handjárn á blómin - reynslusögur af leikritapýðingum.
- Ingunn Ásdísardóttir, leikstjóri og þýðandi: Að leggja orð í munn.
- Guðrún Vilmundardóttir þýðandi: Rústað.

## **Kynning á stofnuninni**

Kynning á stofnuninni fór fram í París og Caen í Frakklandi 17. - 25. nóvember 2008 og tóku Ásdís R. Magnúsdóttir, Jóhanna Björk Guðjónsdóttir og Torfi H. Tulinius þátt ásamt Vigdís Finnbogadóttur sem fór fyrir sendinefndinni. Kynningin var tvíþætt, annars vegar var á dagskrá að koma á rannsóknasamstarfi á fræðasviðum SVF og var efnt til samstarfsfunda með fagfólki og stofnunum og hins vegar átti Vigdís að vera heiðursforseti norrænu menningarháttarinnar Boréales sem haldin er árlega í Caen. Auk þess var Vigdís veitt alþjóðleg viðurkenning kvennasamtakanna Ladies First. Þá hitti sendinefndin Jacques Chirac, fyrrverandi forseta Frakklands, en hann hefur komið á fót stofnuninni Fondation Chirac sem hefur það m.a. að markmiði að vernda tungumál í útrýmingarhættu. Í ferðinni var leitað eftir samstarfi við stofnun Fondation Chirac og hét forsetinn fyrrverandi fullum stuðningi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og fagnaði samstarfi stofnananna.

Sendinefndin hitti einnig hinn virta málvísindamann Louis-Jean Calvet og Jean Pruvost sem stýrir rannsóknarstofnuninni CNRS Lexique Dictionnaires Informatique við háskólann Université de Cergy-Pontoise rétt fyrir utan París. Þá var haldinn fundur með Jean- Luc Clément, ráðgjafa á sviði evrópsks og alþjóðlegs rannsóknarsamstarfs, og Xavier North, yfirmanni deildar um málefni franskar tungu í menningar málaráðuneytinu, en hann hefur reynst hjálplegur við að koma af stað vinnu við íslensk-franska orðabók.

Vigdís Finnbogadóttir og Torfi H. Tulinius áttu einnig fund með forstjóra Banque de Rothschild, David de Rothschild, og í framhaldi fundarins veitti bankinn stofnuninni styrk að upphæð 10.000 evrur. Fénu verður varið í gerð íslensk-franskra orðabókar. Einnig áttu þau fund með forstjóra BNP-Parisbas sem er stærsti banki Frakklands. Á fundinum var leitað eftir stuðningi við frönsk-íslensk menningarverkefni og var erindinu tekið vel.

Fjölmiðlar veittu heimsókn Vigdísar og fulltrúum stofnunarinnar nokkra athygli og má þar nefna útvarpsstöðvarnar France Inter og France Culture og blaðið Les Échos.





Birna Arnbjörnsdóttir, Auður Hauksdóttir, Auður Torfadóttir, Vigdís Finnbogadóttir og Hafdís Ingvarsdóttir fagna útgáfu bókarinnar Teaching and Learning English árið 2007.

## Útgáfur 2008 og 2009

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að auka útgáfu fræðirita á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Sérstök ritnefnd hefur starfað á vegum stofnunarinnar en hana skipa Ásdís R. Magnúsdóttir dósent í frönsku, Erla Erlendsdóttir dósent í spænsku og Gauti Kristmannsson dósent í þýðingarfræði. Að venju hafa verið gefnar út hinar svokölluðu tvímálabækur þar sem textinn er settur fram bæði á íslensku og á erlendu máli. Á árinu 2009 var gefið út fyrsta tölublað af ársriti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og ber það heitið *Milli mála*.



### Mál málanna. Um nám og kennslu erlendra tungumála

Í þessu fræðiriti er fjallað um nýjar rannsóknir á tileinkun og kennslu annars máls og erlendra tungumála. Mjög lítið hefur verið ritað á íslensku um þetta efni. Hér er því reynt að bæta úr brýnni þörf með því að koma á framfæri nýrri þekkingu í því skyni að styrkja fræðasviðið og efla umræðu um þessi mál á íslensku. Mál málanna inniheldur ellefu kafla eftir erlenda og innlenda höfundum. Ritstjórar eru Auður Hauksdóttir dósent í dönsku og Birna Arnbjörnsdóttir dósent í rannsóknum og kennslufræði erlendra tungumála.



### Rússneska með réttu lagi

Þessi kennslubók í rússneskri hljóðfræði og tónfalli handa íslenskumælandi nemendum er ætluð rússneskunemum sem hafa íslensku að móðurmáli. Hverjum kafla fylgir fjöldi æfinga og má finna lausnir við þeim í bókarlok. Hljóðdiskur með æfingum fylgir bókinni. Meginefni bókarinnar er bæði á íslensku og rússnesku og sett fram á þann hátt að það nýtist jafnt kennurum og nemendum sem vilja ná réttu lagi á rússneskan framburð. Höfundur bókarinnar er Olga Korotkova lektor í rússnesku en Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt í rússnesku þýddi yfir á íslensku.



### Det norrøne og det nationale

Bókin hefur að geyma greinasafn um áhrif íslenskra miðaldabókmennta á bókmenntir í Noregi, Svíþjóð, Íslandi, Bretlandi, Þýskalandi og Danmörku. Greinarnar byggjast á erindum sem flutt voru á fyrsta Vigdísarþinginu sem fram fór í apríl 2006 ásamt opunarávarpi Vigdísar. Íslendingasögurnar, Eddukvæðin og aðrar miðaldabókmenntir gegndu mikilvægu hlutverki fyrir menningu þessara landa á 19. öld, einkum við uppbyggingu þjóðarímyndar þeirra. Í bókinni fjalla bæði íslenskir og erlendir fræðimenn um hlutverk miðaldabókmenntanna í þessum löndum frá ýmsum hliðum. Bókin hefur einnig að geyma fjölmargar teikningar og myndir frá þessum tíma sem vísa í gömul íslensk minni. Ritstjóri bókarinnar er Annette Lassen dósent.



### Open Sources: safn greina og fyrirlestra

Bókin hefur að geyma safn greina og fyrirlestra frá ráðstefnunni „Open Sources“ sem haldin var í Háskóla Íslands í september 2007. Ráðstefnan var lokahnykkur Covcell-verkefnisins sem er Evrópustyrkt framtak er miðar að opnu aðgengi að hugbúnaði til tungumálakennslu í gegnum Moodle-fræðslukerfið. Hér er að finna fjölmargar greinar um framgang og reynslu þátttakenda af verkefninu og umfjöllun höfunda um Covcell-verkefnið í víðara samhengi. Meðal viðfangsefna er t.d. hvernig hægt er að auka virkni Moodle með Covcell-búnaðinum. Bókin ætti einkum að hofða til tungumálakennara og kennaranema, námsefnisstjóra og allra þeirra er áhuga hafa á efni tengdu námi og kennslu með aðstoð tölvu. Bókin er hluti af ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og gefin út af Háskólaútgáfunni.



### Raddir frá Kúbu: Smásagnasafn með fjórtán sögum eftir konur frá Kúbu

Sögurnar eru skrifaðar á áratugunum eftir byltingu og eru fjölbreyttar að stíl og efni. Meðal höfunda smásagnanna eru Dora Alonso, einn þekktasti smásagnahöfundur 20. aldar í hópi kvenna á Kúbu, og Ena Lucía Portela sem er nú talin meðal efnilegustu rithöfunda landsins. Erla Erlendsdóttir dósent í spænsku valdi sögurnar og þýddi. Inngang rituðu Luisa Campuzano forstöðumaður rannsóknastofu í kvennafræðum við Casa de las Américas stofnunina í Havana og Erla Erlendsdóttir.



### Útlendingurinn

Tvímála útgáfa á þessari rómuðu skáldsögu eftir Albert Camus. Þýðinguna annaðist Ásdís R. Magnúsdóttir dósent í frönsku. Bókin kom fyrst út í Frakklandi árið 1942 og telst vera ein af perlum heimsbókmenntanna. Ásdís ritaði einnig eftirmála um ævi höfundarins og verk hans. Í bókarlok er viðauki með hugleiðingum og æfingum fyrir nemendur. Ritstjórn annaðist Irma Erlingsdóttir.

### Milli mála – Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Um er að ræða fyrsta ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem hefur að geyma fræðigreinar á íslensku og erlendum tungumálum. Ritstjórar eru Magnús Sigurðsson aðjunkt í þýsku og Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt í rússnesku. Efni þessa fyrsta ársrits er skipt í ritrýndar greinar og annað efni. Með birtingu ritrýndra greina eru uppfylltir þeir alþjóðlegu gæðastaðlar sem taka verður mið af til þess að festa nýtt fræðitímarit í sessi. Í flokk annars efnis falla greinar sem byggjast á fræðilegum grunni en hafa jafnframt hagnýtt gildi. Ritið inniheldur fjórtán greinar, þar af níu ritrýndar, á alls sjö tungumálum: íslensku, dönsku, ensku, ítölsku, rússnesku, spænsku og þýsku.

### Efni ritrýndra greina er sem hér segir:

Auður Hauksdóttir fjallar um tungumálakennslu í sögulegu ljósi, einkum tungumálakennsla í Lærða skólanum í Reykjavík á seinni hluta nítjándu aldar og tengsl hennar við viðhorf samfélagsins til tungumála og hlutverks þeirra.

Ásdís R. Magnúsdóttir veltir fyrir sér mikilvægi leitarinnar að merkingu í /Sögunni um gralinn /og því hlutverki sem lesandanum er þar ætlað.

Birna Arnbjörnsdóttir fjallar um notkun ensku sem samskiptamáls og kynnrir niðurstöður könnunar á hlutfalli námsefnis á ensku í íslenskum háskólum.

Í grein Erlu Erlendsdóttur er rakin saga tveggja orða úr spænsku sjómanna máli sem virðast vera tökuorð af norrænum uppruna og hafa borist inn í spænsku úr frönsku.

Pau Hólmfríður Garðarsdóttir og Guðmundur Erlingsson gera grein fyrir sögu spænskrar kvikmyndagerðar og hugleiða hvaða efnistöð eigi við í námskeiðum um þennan kafla kvikmyndasögunnar.

Oddný G. Sverrisdóttir fjallar um eiginleika og flokkun fastra orðasambanda á grunni rannsókna svissneska fræðimannsins Haralds Burgers, með íslenskum dæmum og hugtakaheitum auk þýskra.

Randi Benedikte Brodersen kynnir í grein sinni hugmyndir um heildræna handleiðslu við ritun háskólaritgerða þar sem samræða og samvinna gegna veigamiklu hlutverki.

Viðfangsefni Sigurðar Péturssonar eru tilvitnanir í rómverska skáldið Ovidius í ritum, og þá einkum deilurítum, Arngríms Jónssonar lærða.

Stefano Rosatti dregur fram hliðstæður í samfélagsrýni ítalska rithöfundarins og kvikmyndaleikstjórans Piers Paolos Pasolinis og bandaríska fræðimannsins Christophers Lasch.

Í þeim greinum sem hafa beina hagnýta skírskotun er tungumálakennsla á háskólastigi eðlilega í fyrirrúmi. Annika Große beinir sjónum sínum að kostum hlaðvarps sem kennslumiðils er býður upp á fjölbreytta möguleika.

Maurizio Tani tekur fyrir vandamál tengd miðlun ítalskrar sögu og tungu í kennslu sem byggist á því að vefa saman tungumálið sjálft og almenna þekkingarþætti.

Í grein Olgu Korotkovu eru sértæk framburðarvandamál íslenskra rússneskunema í brennidepli.

Simona Storchi fjallar um náms- og kennsluáferðir sem stuðla að skilvirkri tileinkun orðaforða í tungumálanámi.

Loks gerir Þórhildur Oddsdóttir grein fyrir reynslu sinni af tölvustuddu námi í fjarkennslu í dönsku við Háskóla Íslands.

## Heimasíða Vigdísar Finnbogadóttur [www.vigdis.is](http://www.vigdis.is)


Þann 19. júní var heimasíða tileinkuð ævi og störfum Vigdísar Finnbogadóttur, [www.vigdis.is](http://www.vigdis.is), opnuð af forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttir, í hátíðasal Háskóla Íslands. Stjórnvöld áttu frumkvæði að smíði þessa vefs en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrrv. utanríkisráðherra fól stofnunni að annast uppsetningu vefjarins. Þar má finna helstu upplýsingar um störf og hugðarefni Vigdísar. Stofnunin mun hafa umsjón með vefnum og verður hann hýstur á heimasvæði Háskóla Íslands. Á næstunni verður vefurinn þýddur á nokkur erlend tungumál.

## Alþjóðleg tungumálamiðstöð - World Language Centre

Á undanförnum árum hefur verið unnið ótullega að því að setja á laggirnar Alþjóðlega tungumálamiðstöð innan vébanda stofnunarinnar en með henni yrði starfsemi hennar eflað til mikilla muna. Í tungumálamiðstöðinni verður starfrækt fræðslu- og upplifunarsetur sem verður glæsilegur vettvangur fyrir erlend tungumál og menningu og allt sem lýtur að jákvæðum samskiptum Íslands við erlendar þjóðir. Hér geta gestir og gangandi fræðst um og upplifað erlend tungumál og skyggst inn í ólíka menningarheima. Áhersla verður lögð á listræna og lifandi framsetningu og margmiðlun, m.a. í sýndarveruleika. Einnig verða haldnar sýningar og skipulagðir viðburðir sem tengjast ólíkum menningar- og málsvæðum.

Í tungumálamiðstöðinni verða sérstök heimasvæði fyrir þau 14 tungumál, sem kennd eru við Háskóla Íslands, auk sérhæfðs bókasafns og gagnasmiðju með efni sem tengist tungumálakennslu og menningarfræðslu. Þar verður einnig aðstaða fyrir fundi og ráðstefnuhald og fyrir samstarf við erlenda og innlenda gestafræðimenn.





Gert er ráð fyrir að reist verði sérstök bygging fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur sem hýsi alþjóðlegu tungumálamiðstöðina og alla kennslu og rannsóknir í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Einnig verði þar til húsa fyrirlestrarsalur tileinkaður Vigdísi og minningarstofa þar sem hægt verði að fræðast um líf Vigdísar og störf, ekki síst í þágu tungumála.

Verkefnið hefur verið kynnt víða erlendis og leitað hefur verið eftir stuðningi við það. Það hefur hvarvetna hlotið jákvæða athygli og hafa margir þegar lagt því lið.

Á árinu 2008 var sett á laggirnar alþjóðleg ráðgjafanefnd um verkefnið en í henni eiga sæti: Anju Saxena prófessor við Uppsalaháskóla, Bernard Comrie forstöðumaður málvísindadeildar Max Planck stofnunarinnar í Leipzig, Jens Allwood prófessor við Gautaborgarháskóla og Peter Austin prófessor við Lundúna Háskóla. Fyrsti fundur nefndarinnar með fagráði SVF fór fram í apríl 2009. Menningar- og rannsóknarsjóður Sænska seðlabankans (Riksbankens Jubileumsfond) veitti stofnuninni 8 milljóna króna styrk (500.000 SEK) til að mæta kostnaði við starfsemi alþjóðlegu ráðgjafanefndarinnar á árunum 2009 og 2010.

Á árinu 2009 leitaði menntamálaráðherra eftir því við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, að Alþjóðlega tungumálstofnunin hlyti vottun sem UNESCO-miðstöð skv. „Category II“ en vænta má að slík vottun mundi auðvelda Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að eflast enn frekar og rækja hlutverk sitt á alþjóðavettvangi. Í framhaldi af umsókn ráðherra sendi UNESCO matsmann sinn, Riëks Smeets, til að fara yfir helstu atriði umsóknarinnar og leggja mat á starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Þessari vinnu verður fram haldið á árinu 2010.

Auk styrks frá Menningarsjóði Sænska seðlabankans hlaut stofnunin styrk frá tveimur norskum aðilum til Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Annars vegar styrkti orkufyrirtækið Nord-Trøndelag Elektrisitetsverk verkefnið haustið 2009 með framlagi að upphæð rúmar 2 milljónir króna og hins vegar lagði SpareBank 1 SMN verkefninu til rúma eina milljón króna um áramótin 2010.

## Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Auk fjárframlags Háskóla Íslands hafa margir orðið til að leggja stofnuninni lið á árunum 2008 og 2009. Aðalstyrktaraðili árið 2008 var Straumur Burðarás fjárfestingarbanki sem styrkti starfsemina með 5 milljóna króna framlagi þriðja árið í röð en vegna bankahrunsins kom umsaminn styrkur ekki til greiðslu á árinu 2009. Stofnunin hlaut einnig fjárstyrk að upphæð 1,5 milljónir króna frá Promens hf, annars vegar árið 2008 og hins vegar árið 2009. Gutenberg hf sem nú hefur verið sameinuð Prentsmiðjunni Odda styrkti stofnunina bæði árin með 1 milljónar króna framlagi hvort ár. Í samningnum við Promens er kveðið á um 1,5 milljóna króna árlegt framlag til stofnunarinnar til ársins 2011 til markvissrar uppbyggingar hennar en skv. samkomulagi við Odda mun fyrirtækið veita SVF árlegan fjárstyrk að upphæð 1 milljón króna til ársins 2011.



Þann 19. júní 2008 fékk Vigdís afhenta þakkargjöfina Frá konu til konu sem er falleg askja með tækifæriskortum sem eru seld til styrktar stofnuninni.

Að framtakinu stóð Svanhvit Aðalsteinsdóttir ásamt öðrum konum úr Félagi kvenna í atvinnurekstri (FKA). Listaverkin sem prýða kortin eru eftir Ástríði Magnúsdóttur, Guðrúnu Einarsdóttur, Karólínu Lárusdóttur, Katrínu Friðriksdóttur, Kristínu Gunnlaugsdóttur og Rúrí. Þær gáfu allar vinnu sína.

Menntamálaráðuneytið styrkti SVF með 200.000 kr. framlagi árið 2008 til að fjármagna evrópska tungumáladaginn og aðra viðburði sem tengjast alþjóðlegu tungumálaári og á árinu 2009 styrkti menntamálaráðuneytið SVF með 300.000 kr. framlagi til að fjármagna hátíðardagskrá og ráðstefnu í tengslum við evrópska tungumáladaginn.

Í kjölfar kynningar í Frakklandi í nóvember 2008 hlaut stofnunin í upphafi árs 2009 styrk að upphæð 10.000 EUR frá Banque de Rothschild og var ákveðið að verja þeim fjármunum til undirbúnings nýrrar íslensk-franskrar orðabókar.

Ráðstefnan Cultures in Translation sem fram fór í desember 2008 var styrkt af Norræna menningarsjóðnum um 60.000 DKK og Norræna ráðherranefndin veitti styrk að upphæð 25.000 DKK til að standa straum af kostnaði við sérstaka norræna málstofu á ráðstefnunni. Ráðstefnan var einnig styrkt með óbeinum hætti af sendiráðum Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands ásamt Bláa lóninu.

Auk framangreindra styrkja lagði Utanríkisráðuneytið stofnuninni til 2 milljónir króna á árinu 2009 til að mæta kostnaði vegna vinnu við gerð heimasíðu fyrir Vigdísí Finnbogadóttir, en hún var opnuð 19. júní 2009 (sjá [www.vigdís.is](http://www.vigdís.is)).

Eins og getið er um hér að framan hefur allt kapp verið lagt á að setja á laggirnar Alþjóðlega tungumálamiðstöð innan vébanda SVF og hefur menntamálaráðherra sótt um viðurkenningu á þessari starfsemi til UNESCO. Til að hrinda þessu verkefni í framkvæmd hefur hefur verið sett á laggirnar sérstök alþjóðleg ráðgjafanefnd og hefur stofnunin hlotið 8 milljón króna styrk (500 SEK) frá Menningar – og rannsóknarsjóði sænska seðlabankans (Riksbankens Jubileumsfond) til að mæta kostnaði við starfsemi ráðgjafanefndarinnar. Auk þess styrkti Norska orkufyrirtækið Nord-Trøndelag Elektrisitettsverk verkefnið haustið 2009 með styrk að upphæð 2 milljónir króna og í lok árs hlaut stofnunin rúmrar einnar milljóna króna styrk um síðustu áramót frá norska fyrirtækinu SpareBank 1 SMN og skyldi þeirri fjárhæð einnig varið til alþjóðlegu tungumálamiðs töðvarinnar.

## Liðsinni Vigdísar Finnbogadóttur

Sem endranær hefur Vigdís Finnbogadóttir reynst stofnuninni ómetanlegur bakhjarl. Hún hefur lagt ómælda vinnu af mörkum í tengslum við starfsemi SVF og heimili hennar hefur staðið opið fyrir erlenda og innlenda gesti stofnunarinnar.

# Rannsóknir innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur stunda margvíslegar rannsóknir á sviði tungumálakennslu, máltileinkunar, bókmennta, málvísinda og menningarfræði. Stöðugt er verið að þróa nýjar aðferðir í tungumálakennslu og miðlun bókmennta og menningarfræðismunandi málheima og þjóða. Einnig fást margir við þýðingar, orðabókagerð og almennt kynningarstarf til að auka vægi tungumála í samfélaginu. Hér að neðan er yfirlit yfir helstu verkefni sem meðlimir stofnunarinnar eru að vinna að.

## Tungumálakennsla og máltaka



**Ásta Ingibjartsdóttir** vinnur að rannsókn á munnlegri tungumálakennslu. Verkefnið sem nú er í vinnslu beinist að því að skoða hvers vegna málskilningur kemur á undan málnotkun og hvort kennsla í hljóðfræði og hlustunarskilningi ásamt framburðaræfingum nægi til að ná tökum á tungumáli. Annað svið rannsókna hennar beinist að hlut leikrænnar tjáningar í tungumálakennslu og sérstaklega því hvort hún geti bætt skilning og málnotkun nemenda.



**Eyjólfur M. Sigurðsson** sérhæfir sig á sviði nemendasjálfsþæðis og nemendastýrðs náms. Hann vinnur einnig á sviði upplýsingatækni í tungumálanámi. Hann er þátttakandi í ýmsum evrópskum verkefnum, svo sem DIALANG og Lingu@net Europa.



**Birna Arnbjörnsdóttir** stjórnar þriggja ára samstarfsverkefni þar sem verið er að skoða stöðu enskunnar á Íslandi. Heiti verkefnisins er “English as a Lingua Franca in Iceland”. Verið er að rannsaka eðli og magn þeirrar ensku sem er í umhverfinu hér á landi og hvernig þetta hefur áhrif á kennslu, nám og notkun enskunnar í menntageiranum og atvinnulífinu. Birna á þátt í að þróa íslenskunám á vef, [www.icelandic.hi.is](http://www.icelandic.hi.is); tvö námskeið eru þegar komin af stað og þrjú í viðbót verða tilbúin í ágúst 2010. Birna hefur tekið virkan þátt í norrænu samstarfi á sviði ELF (English as a Lingua Franca) og er meðlimur í Nordic Research Network on Complexity in Second Language Acquisition. Hún hefur sent frá sér tvær bækur og fjölda greina og flytur reglulega erindi á ráðstefnum AAAL, TESOL, EUROCALL og ELF.



**Juan Pablo Mora** fæst við rannsóknir á spænsku sem öðru máli þar sem í hlut eiga þeir sem tala germönsk mál. Hann vinnur að rannsóknum á stöðu spænska tákn málsins út frá félagsmálvísindalegu sjónarhorni og samanburðarmálfræði í ensku og spænsku. Hann er þátttakandi í rannsóknarverkefninu AVIDEA (Asistente Virtual para Personas con Deficiencia Auditiva) sem er undir stjórn Julietta rannsóknarhópsins við háskólann í Sevilla.



**Lars-Göran Johansson** vinnur á sviði fjarnáms og sveigjanlegs náms með aðstoð upplýsingatækni. Hann tekur þátt í langtíma þróunarverkefni um vefmiðuð fjarnámskeið í sænsku í samstarfi við Svenska institutet (SI) í Stokkhólmi. Markmiðið er að bjóða fram fjarnámskeið fyrir allt fyrsta árið í sænsku frá og með 2010, þar sem hver nemandi hefur tækifæri til að ákveða hvenær nám hefst, skipulag, námshraða og aðferð. Verkefnið nýtur fjárstuðnings frá sænska menntamálaráðuneytinu.



**Simona Storchi** vinnur á sviði tungumálanáms með sérstaka áherslu á tileinkun orðaforða. Hún vinnur nú að verkefni sem beinist að því hvernig nota megji málsöfn (e. corpora) til að kenna ítölsku sem erlent mál. Markmiðið er að efla sjálfstæði nemenda í því að kanna hvernig tungumálið er notað í daglegu lífi eins og það birtist í málsöfnum í tölvu. Simona er í samstarfi við ítalskar stofnanir sem efna til atburða hér á landi um ítalska menningu.





**Kaoru Umezawa** lauk nýlega rannsókn á áhrifum móðurmáls á japönskunám nemenda. Í samstarfi við University College í London flutti hún fyrirlesturinn Devoicing of the moraic nasals in Japanese by Icelandic learners of Japanese á ráðstefnunni Phonetics Teaching and Learning Conference í London. Kaoru hefur haft umsjón með námi í japönsku máli og menningu við HÍ frá því það hófst 2003. Hún hefur skipulagt ýmsa viðburði, svo sem talkeppni í japönsku og japanska hátíð í samvinnu við japanska sendiráðið með það að markmiði að efla kennslu í japönsku og japanskri menningu.



**Stefano Rosatti** vinnur um þessar mundir að verkefni sem sameinar myndbandsupptökur og raunveruleg tungumálasamskipti. Verkefninu er ætlað að þróa og bæta færni nemenda í hlustunarskilningi, greiningu á máli og óyrtum þáttum tjáningar og munnlegri tjáningu. Auk þess mun það auka færni nemenda í að tjá þekkingu sína á menningu og félagslegum þáttum ítalskrar menningar. Stefano Rosetti er einnig að vinna að þýðingu á *Se questo é un uomo* eftir Primo Levi.



**Olga Korotkova** vinnur að þremur verkefnum í samvinnu við deild rússnesku fyrir útlendinga við hugvísindasvið Lomonosov-ríkisháskólans í Moskvu. Það fyrsta felst í því að rannsaka sérkenni alþjóðasamskipta, m.a. að greina það sem liggur í óyrtum samskiptum manna á meðal. Olga hefur ásamt fleirum komið á laggirnar námi í menningarfræðum og mun (með öðrum) gefa út bók tengda því, „From the History of the Russian Art Culture. Part II“. Í öðru verkefni sem tengist rússneskunámi fyrir útlendinga er fjallað um ýmis vandamál sem upp koma í rússneskukennslu og snerta málið sjálft, samskiptin og menninguna. Olga er meðhöfundur að kennslubók í rússnesku fyrir þá sem eru komnir með undirstöðuatriðin. Hluti af þriðja verkefninu er að gefa út kennslubók í rússneskri hljóðfræði og ítónun fyrir íslenska námsmenn.



**Oddný Guðrún Sverrisdóttir** fæst við rannsóknir á sviði málnotkunarfræða, einkum samburðarrannsóknir á þýskum og íslenskum orðtökum (Idiome), notkun þeirra, hvar og hvernig þau eru notuð. Hvati í tungumálanámi, einkum þýsku sem erlendu máli á Íslandi er einnig hluti af hennar rannsóknasviði. Hún hefur stjórnað átaksverkefni (Þýskubílnum) á því sviði. Þátttaka í evrópskum verkefnum TNP og MOLAN í Wissenschaftlicher Beirat Institut für deutsche Sprache í Mannheim.

## Bókmenntir og þýðingarfræði



**Ásdís R. Magnúsdóttir** er að ljúka þýðingu á franska verkinu *Le Conte du graal* eftir Chrétien de Troyes úr fornfrönsku. Síðan munu fylgja þýðingar á öðrum verkum eftir sama höfund. Ásdís er einnig að undirbúa þýðingu á fjórum íslenskum fornaldar-sögum rómönsum á frönsku (*Ála flekks saga*, *Samsons saga fagra*, *Tristrams saga* og *Ísoddar, Vilmundar saga víðutan*) í samvinnu við Héléne Tétrel (Université de Bretagne Occidentale). Ásdís gaf nýlega út nýja tvímála þýðingu á *L'Étranger* eftir Albert Camus. Hún er þátttakandi í verkefninu “Histoires des Breagnes: La ‘matière de Bretagne’ - racines, sources et représentations”. Ennfremur tekur hún þátt í gerð íslensk-franskrar orðabókar.



**Gauti Kristmannsson** vinnur aðallega að rannsóknum á þýðingum og tilurð þjóðarbókmennta. Hann fæst einnig við rannsóknir á fagurfræði, þýðingarfræði, breskum og þýskum bókmenntum frá átjándu öld og fyrri hluta nítjándu aldar, bókmenntaþýðingum almennt, auk þýðinga í fjölmiðlum. Hann vann verkefni í tengslum við Evrópska tungumálaárið og hefur tekið þátt í IP um skjáþýðingar og sömuleiðis verið þátttakandi í þemaneti ERIC. Um þessar mundir er hann að vinna að verkefni um skjáþýðingar í samvinnu við háskólann í Salamanca á Spáni. Hann hefur verið þýðandi og túlkur frá árinu 1980. Gauti hefur samið mörg verk á ýmsum tungumálum og nýjasta bók hans er *Literary Diplomacy I/II* í tveimur bindum.



**Erla Erlendsdóttir** sá nýlega um útgáfu bókarinnar *Raddir frá Kúbu* hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Bókin hefur að geyma fjórtán smásögur frá Kúbu sem skrifaðar eru af konum. Erla þýddi sögurnar og ritaði fræðilegan inngang. Erla stóð einnig að útgáfu bókarinnar *Svo fagurgrænar og frjósamar* sem hún og Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddu en þetta eru þrjátíu smásögur frá spænsk-karabísku eyjunum. Erla fæst einnig við það svið þar sem tungumál mætast: Indó-amerísk tókuorð í norrænum og evrópskum tungumálum, spænsk tókuorð í norrænum málum og norræn tókuorð í spænsku.



**Geir Sigurðsson** leggur stund á ýmis rannsóknarverkefni er beinast jafnt að þróun konfúsíanismis og daoisma í Kína samtímans sem leiða til að miðla þessum hugmyndastraumum til Vesturlandabúa. Hann tekur þátt í rannsóknarverkefni um náttúruna í ljósi fyrirbærafræði og austurlenskrar heimspeki ásamt öðrum heimspekingum við HÍ og hefur nýverið þekkt boð frá Háskólanum í Zürich um að gangast til liðs við rannsóknarhóp er beinir sjónum sínum að greiningu hugtaka í vestrænni og asískri hugsun. Ennfremur vinnur hann að því að efla rannsóknir á kínverskri heimspeki í Evrópu, m.a. í samvinnu við starfsfólk heimspekideildar University College í Cork á Írlandi. Sem forstöðumaður Konfúsíusar-stofnunarinnar Norðurljóss við HÍ stundar hann einnig rannsóknir á samfélagsþróun í Kínverska alþýðulýðveldinu, þá einkum á sviði menntamála.



**Annika Große** fæst við að rannsaka nýjar þýskar kvikmyndir (New German Film frá 1990), hlutverk þeirra í að endurspeglja þjóðarsálina og þá mynd af Þýskalandi sem þær birta. Annar þáttur í rannsóknum hennar tengist notkun nýrra miðla í tungumálakennslu, t.d. podcast. Hún er í samvinnu við Fachverband Deutsch als Fremdsprache við Georg-August-háskólann í Göttingen og skipuleggur stúdentaskipti við Humboldtháskólann í Berlín.



**Guðrún Björk Guðsteinsdóttir** vinnur að bók um það hvernig norður-amerískir rithöfundar af íslenskum ættum skiptu smám saman úr íslensku yfir í ensku seint á níttjándu öld og fram á tuttugustu öldina. Guðrún hefur birt fjölda greina hér á landi og erlendis um marvíslegar hliðar á þessari bókmenntaarfleifð. Hún hefur verið virk í að efla og kynna kanadísk fræði hér á landi og í öðrum norrænum löndum.



**Júlían Meldon D’Arcy** fæst við rannsóknir á hlutverki ameríska fótoltans í bandarískum bókmenntum. Hann hefur birt fjölda greina um þetta efni og er að leggja drög að bók um sama efni. Þetta hefur leitt til þess að hann hefur einnig farið að rannsaka hvernig íþróttir birtast og hvaða mynd er gefin af þeim í evrópskum bókmenntum. Hann átti aðild að stofnun European Sport Literature Association í Búdapest.



**Martin S. Regal** er að ljúka við bindi um harmleiki fyrir New Critical Idiom Series sem gefin er út af Routledge. Hann er einnig að undirbúa fyrstu íslensku útgáfuna á lengri leikritum Haroldis Pinter sem væntanlega verður gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur á næsta ári. Martin hefur fengist við þýðingar í mörg ár og hefur mikinn áhuga á kvikmyndafræðum, einkum þar sem um er að ræða umsköpun bókmenntaverka í kvikmyndir (e. adaptation theory). Hann kennir nú við Stokkhólmsháskóla og Konunglega tækniháskólann en áformar að snúa til baka til Íslands á þessu ári.



**Kristín Guðrún Jónsdóttir** vinnur að bók um alþýðudýrlinga frá Mexíkó sem kemur út hjá háskólaforlaginu við Universidad Autónoma de Ciudad Juárez í Mexíkó. Hún vinnur einnig að þýðingu á bókinni *Svarti sauðurinn* og aðrar fabúlur eftir hinn kunna rithöfund Augusto Monterroso sem og úrvalssafni örsagna frá Rómönsku-Ameríku með fræðilegum formála. Sömu leiðis er hún með í vinnslu grein um fyrstu þýðingarnar úr spænsku á íslensku. Hún er í rannsóknarsamstarfi við Universidad Autónoma de Ciudad Juárez í Mexíkó, Universidad del Sagrado Corazón í Púertó Ríkó og Universidad de Alcalá de Henares á Spáni.



**Hólmfríður Garðarsdóttir** fæst einkum við rannsóknir á sviði bókmennta og kvikmyndafræði. Hún hefur sérstakan áhuga á því hlutverki nútíma menningar að móta ímyndir og þvinga fram staðalímyndir. Sömu leiðis tengist áhugasvið hennar sjálfsmynd, minnihlutahópum og málefnum tengdum kyngervi. Rannsóknir á þýðingum (spænska/íslenska) og menningarlæsi hafa orðið æ meira áberandi í skrifum hennar.



**Rebekka Práinsdóttir** er með masterspróf í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í Sankti Pétursborg. Hún er annar tveggja ritstjóra *Milli mála*, ársrits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, en fyrsta heftið kemur út hjá Háskólaútgáfunni innan skamms. Hún vinnur að safni með sögum eftir rússneska kvenrithöfunda frá nítjándu og tuttugustu öld með skýringum og fræðilegum inngangi.



**Pétur Knútsson** er að vinna að rannsókn á þýðingum milli náskyldra mála og spennunni og flæðinu sem lifnar við þegar tungumál sem eru formlega lík komast í snertingu hvert við annað. Birt verk hans á þessu sviði beinast að því að skoða hvernig þýddur texti tengist myndrænt, þ.e. í formi tungumálsins, ekki aðeins upprunalega textanum, heldur öðrum (þriðju) textum og notar sömu leið til að skoða málið í ytri veruleika. Mikilvægur þáttur í þessari aðferð er hlutverk ummyndunar (e. transmutation) í því að skapa merkingu.



**Sigurður Pétursson** hefur einkum fengist við rannsóknir á íslenskri nýlatínu og bókmennta- og menningarrótum hennar í Evrópu. Margar greinar hans og bókakaflar um efnið hafa þegar birst á prenti á nokkrum tungumálum, bæði hér á landi og erlendis en aðrar eru á leið í prentun. Hann leggur nú lokahönd á útgáfu á miklu verki, *Specimen Islandiae non-Barbarae*, sem ritað var á latínu á árunum 1733-1756 af fræðimanninum Jóni Þorkelssyni Thorcillius (1697-1759). Í þessari útgáfu verður fræðilegur inngangur, latneski textinn, textaskýringar og íslensk þýðing. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.



**Irma Erlingsdóttir** er sérfræðingur í frönskum samtímabókmenntum og heimspeki. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði bókmenntafræða og menningar- og samfélagsrýni. Irma er um þessar mundir að ljúka við rannsókn á verkum franska rithöfundarins Héléne Cixous sem gengur meðal annars út á að kanna möguleika listarinnar í pólitískri baráttu. Að auki vinnur hún nú einnig að rannsóknaverkefni þar sem menningarrýnilegum aðferðum er beitt til að greina þá hagrænu og pólitísku krísu sem nú ríkir í Íslandi.



**Ida Busk Pedersen** hefur sem aðal rannsóknarefni skynjun veruleikans eins og hann kemur fram í dönskum nútímabókmenntum og hvernig þetta tengist þeirri skynjun veruleikans sem býr að baki fræðilegum nálgunum. Þegar þessar tvær skynjanir eru bornar saman, þurfa hugmyndirnar raunsæi og móðernismi ekki að vera andstæður. Ef hin hefðbundna aðgreining milli bókmennta sem annaðhvort dæmigerðra eða skapandi nægir ekki lengur, hlýtur maður að spyrja hvað þessar hugmyndir merki nú á tímum.



**Jón Egill Eypórsson** leggur nú stund á *Breytingaritninguna (I Ching)* og rannsakar kínversku trúarbrögð til forna, sér í lagi goðsagnir og heimsmyndarfræði fyrir Qin-skeiðið. Áherslan er á samband manns og náttúru, stöðu manns og menningar gagnvart náttúru, sköpun sem trúarathöfn, mörk hins villta og mannlegs samfélags sem og samband þessara frumstæðu hugmynda við kínverska hugsun seinni tíma.



## Málvísindi, málsöfn og orðabókagerð



**François Frans Heenen** hefur að undanfögnu verið að rannsaka the Relevance Theory, málnotkunarfræðilega kenningu, eftir Dan Sperber og Deirdre Wilson. Í ljósi þeirrar kenningar skoðar hann hvernig ósamsett framtíð er þýdd og færð yfir á íslensku. Heenen hefur m.a. haldið fyrirlestur um rannsóknir sínar á Rask-ráðstefnu árið 2009. Hann starfar einnig í tengslum við Indólógíudeild Vínarháskólans, skrifar fyrir *Wiener Zeitschrift für die Kunde Südasiens* og er einnig virkur meðlimur í TITUS, félagi sem fæst við umletranir og málfræðilegar greiningar á textum á sanskrít.



**Maare Pauliina Fjällström** er þátttakandi í verkefninu „International Corpus of Learner Finnish and Learner Language“ við finnskudeild háskólans í Oulu. Markmiðið er að taka saman og skoða textasöfn frá nemendum sem eru að læra finnsku með það fyrir augum að bæta kennsluáferðir. Ennfremur er Maare Pauliina í samstarfi við CIMO, UKAN (The Council for Finnish Studies at Universities abroad).



**Magnús Sigurðsson** tók þátt í gerð nýrrar þýsk-íslenskrar orðabókar sem gefin var út 2008 í samstarfi við þýska orðabóka-útgefandann PONS. Verkefnið er stutt af Robert Bosch Foundation og Foundation Würth. Ennfremur vinnur Magnús að handbók um þýskan framburð fyrir Íslendinga og aðra handbók um algengar villur sem Íslendingar gera þegar þeir eru að læra þýsku. Magnús er annar tveggja ritstjóra *Milli mála*, ársrits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, en fyrsta heftið kemur út hjá Háskólaútgáfunni innan skamms.



**Auður Hauksdóttir** vinnur að samanburðarrannsókn á föstum orðatiltækjum (lexical phrases), einkum orðtökum (idioms) í íslensku og dönsku en niðurstöðurnar verða m.a. notaðar til að þróa veforðabók til að auðvelda Íslendingum að tjá sig á dönsku. Þróun veforðabókarinnar fer fram í samvinnu við danska og sænska fræðimenn. Í öðru lagi fæst Auður við rannsóknir á stöðu danskrar tungu á Íslandi í sögu og samtið. Loks tekur Auður þátt í rannsóknarverkefni sem beinist að Dönum búsettum á Íslandi á tuttugustu öld. Verkefnið er unnið í samvinnu við sagnfræðinga við Háskóla Íslands og fræðimenn við Kaupmannahafnarháskóla. Auður á sæti í ritstjórnarráði norræna fræðiritisins NORDAND *Nordisk tidsskrift for andresproksforskning*.



**Randi Benedikte Brodersen** vinnur að rannsóknum á málaðlögun, viðhorfum til máls, mismunandi hliðum á samskiptum innan norræna mála, töluðu máli og dönskum mállýskum. Verkefnið sem nú er í gangi beinist að aðlögun meðal Dana sem búa í Noregi. Innan þessa verkefnis rannsakar hún einnig hvað er líkt í orðaforða dönsku, norsku og íslensku. Íslenski hluti rannsóknarinnar er unninn í samvinnu við Þórhildi Oddsdóttur. Randi er einnig að vinna að verkefni um alhliða og akademíska leiðsögn fyrir háskólastúdenta í samstarfi við fræðimenn við háskólann í Bergen.



**Andrea Milde** fæst við rannsóknir á orðræðu. Hún beinir sjónum að samskiptum í töluðu máli og töluðum texta í listsköpun, eins og leikritum, bíómyndum og útvarpsleikritum (á þýsku og ensku). Hún vinnur nú að verkefni um leikstjórn og orðræðu innan listageirans og sömuleiðis um rödd, samskipti milli menningarheima og það hvernig munnleg samskipti vilja oft verða slitrótt. Hún tekur þátt í starfi rannsóknarhópa í Bretlandi og á í samstarfi við rannsakendur í Taiwan. Hún hefur einnig mikinn áhuga á að efla gagnrýna orðræðugreiningu hér á landi.



**Þórhildur Oddsdóttir** fæst við rannsóknir á máltöku og orðaforða í dönsku. Hún leitast við að finna árangursríkar leiðir fyrir íslenska nemendur til að auka og bæta orðaforða sinn í dönsku. Rannsóknir Þórhildar beinast einnig að dönskum orðaforða og felast í samanburði á uppruna, merkingu og tíðni orða.



Bernd Hammerschmidt, Oddný og Pórhildurá vinnustofu hjá dr. Leni Dam á ráðstefnunni Bringing us Closer.



Þóra Arnórsdóttir fréttakona stýrði pallborðsumræðum um gildi tungumálakunnáttu á evrópska tungumáladeginum 2009.



Ásdís Rósa Magnúsdóttir ásamt kanadíska skáldinu Lise Tremblay.



Micheal Byram og Simona Storchi.



Vigdís Finnbogadóttir heilsar þátttakendum á taílenskri menningardagskrá 9. maí 2009.





Gauti Kristmannsson, Auður Hauksdóttir og Ngugi Wa Thiong'o, rithöfundur frá Kenýa.



Vinir Dóra á evrópska tungumáladeginum 2009.



Eyjólfur og Kristín fagna evrópska tungumáladeginum 2009.



Sigurjón, Auður, Laufey og Rósa við opnun [www.vigdis.is](http://www.vigdis.is).



Olga og Rebekka virða fyrir sér veglega bókgjöf.



Davíð og Stefán Helgi fluttu lög í léttum dúr á ýmsum tungumálum á evrópska tungumáladeginum. Søren Fauth, hlýðir á sönginn.



[www.vigdis.hi.is](http://www.vigdis.hi.is)



Stofnun  
VIGDÍRAR FINNBOGADÓTTUR  
í erlendum tungumálum